

## AUGLÝSING

### um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prestur nýtur arðs af hlunnindatekjum prestsseturs, öðrum en tekjum af veiði í ám og vötnum, svo og þeim réttindum sem getið er í 11. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004, með síðari breytingum. Þá skulu tekjur af landspildum og lóðum, sbr. 22. og 23. gr. ábúðarlaga renna til kirkjumálasjóðs. Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemur fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs miðað við janúar ár hvert. Ekki skal þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 22. nóvember 2018.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2018